

Minnispunktur - Fundur almannavarnanefndar Vesturlands

Fundartími: 21. september 2021 kl. 15:30.

Fundarstaður: Fjarfundur á Teams.

Formaður almannavarnanefndar á Vesturlandi boðaði til fundarins til þess fara yfir stöðuna með umdæmissóttvarnalækni og svæðissóttvarnalækni vegna Covid-19.

Mætt voru:

Af hálfu lögreglustjórans á Vesturlandi:	Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari Gunnar Örn Jónsson lögreglustjóri
Af hálfu Hvalfjarðarsveitar:	Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri
Af hálfu Akraneskaupstaðar:	
Af hálfu Skorradalshrepps:	
Af hálfu Borgarbyggðar:	
Af hálfu Eyja- og Miklaholtshrepps:	Eggert Kjartansson, oddviti
Af hálfu Snæfellsbæjar:	Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Af hálfu Grundarfjarðarbæjar:	Björg Ágústs dóttir bæjarstjóri.
Af hálfu Helgafellssveitar:	
Af hálfu Stykkishólmsbæjar:	Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri
Af hálfu Dalabyggðar:	Kristján Sturluson sveitarstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar:	Jens Heiðar Ragnarsson slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Borgarbyggðar:	Bjarni Kr. Þorsteinsson slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Dalabyggðar:	Ívar Örn Þórðarson, slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Grundarfjarðarbæjar:	Valgeir Þór Magnússon slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Snæfellsbæjar:	
Af hálfu Brunavarna Stykkishólms og nágrennis	Einar Þór Strand slökkviliðsstjóri
Af hálfu HVE	Þórir Bergmundsson umdæmissóttvarnalæknir Þórður Ingólfsson svæðissóttvarnalæknir

Kristján Sturluson setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Til fundarins var boðað til að fara yfir eftirfarandi atriði:

1. Staðan vegna Covid-19 og viðbrögð
 - a. Viðbrögð vegna hópsýkinga í skólum
 - b. Aðgengi að farsóttarhúsum

Þórir Bergmundsson, umdæmissóttvarnalæknir á Vesturlandi, fór yfir stöðuna á Vesturlandi í dag. Þórir greindi frá því að smitum hafi verið að fækka á svæðinu en alls séu 6 einstaklingar skráðir í einangrun. Nokkuð margir séu hins vegar skráðir í sóttkví eða 115 manns en það tengist smiti sem kom upp á Akranesi. Framundan séu fjölmargar sýnatökur næstu daga. Í þessari bylgju hefur einn þurft að klíma við alvarleg veikindi en viðkomandi er kominn heim af gjörgæslu. Þórir nefnir að þátttaka í bólusetningum hafi almennt verið góð meðal íslenskra ríkisborgara en greina hafi mátt minni áhuga hjá erlendum ríkisborgurum hér á landi. Þá greindi Þórir frá því að með bólusetningum hafi sá árangur náðst að færri alvarleg veikindi hafa verið að koma upp núna.

Þórður Ingólfsson, svæðissóttvarnalæknir, taldi litlu við þessa yfirferð að bæta. Hann greindi frá því að nokkur smit hafi komið upp á hans svæði. Varðandi viðbrögð við hópsýkingum í skólum, taldi Þórður rétt að horfa til framkvæmdar á öðrum stöðum þar sem slík staða hefur komið upp.

Kristinn Jónasson óskaði eftir upplýsingum um hvernig sveitarfélög gætu aðstoðað og nefndi að þau gætu t.d. ítrekað á sínum síðum mikilvægi þess að einstaklingar haldi áfram að huga að eigin sóttvörnum. Kristján, Þórir og Þórður tóku undir þetta hjá Kristni. Þá nefndi Kristinn að hann hafi heyrt hjá sumum erlendum starfsmönnum að ákveðnar samræmiskenningar væru í gangi meðal þeirra varðandi bólusetningar.

Björg segir umræðu hafa verið um hvort vinnuveitendur (opinberar stofnanir) geti skikkað starfsmenn til þess að fara í bólusetningu. Þórir vísaði til þess sem fram hefur komið hjá sóttvarnalækni að ekki sé heimild til þess að skikka starfsmenn í bólusetningu en hægt sé að hvetja fólk til þess að þiggja hana.

Kristján spyr um sóttvarnarhús. Þórir segir sóttvarnarhús í Reykjavík vera opið fólki á landsbyggðinni. Rakningarteymið hefur haft milligöngu um það ef fólk hefur ekki annan stað til þess að vera í sóttkví eða einangrun.

Björg spyr um aðgengi og stöðuna hvað varðar sýnatökur á heilsugæslustöðvum á Snæfellsnesi. Þórir segir stöðuna vera nokkuð góða í dag og betri heldur en hún var fyrir nokkrum vikum síðan. Þá nefnir Þórir einnig að heilsugæslustöðvarnar séu að auki komnar með hraðpróf. Þórður tekur undir þetta og nefnir að mikilvægt sé að halda áfram að taka sýni. Þá sé það einnig metið út frá aðstæðum hvort hraða eigi sérstaklega sýnatöku, t.d. ef einstaklingur hefur umgengist fjölda fólks vegna vinnu eða skóla.

Gunnar spyr um örvunarskammta. Þórir segir að byrjað sé að gefa örvunarskammta og stórir hópar fólks yfir 60 ára aldur séu komnir með örvunarbólusetningu. Það sé hins vegar ekki ætlunin núna að bjóða fólki undir 60 ára aldri örvunarbólusetningu. Í þessu samhengi nefnir Einar Strand að hann hafi ekki fengið boð um örvunarbólsetningu þrátt fyrir að vera á umræddum aldri. Þórir segist telja að ætlunin sé að senda boð á alla sem tilheyra þessum hópi en Þórður segir það mögulegt að ekki eigi að senda boð heldur eigi að auglýsa möguleikann á örvunarbólusetningu fyrir þennan aldurshóp.

Fundi slitið kl. 15:58.

Fundargerð ritaði Emil Sigurðsson.